



Reglur um fjáraflanir/safnanir í nafni Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags.

1. Tilgangur fjáraflana/safnana í nafni Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags skal ávalt vera skýr og söfnunarfé ráðstafað í samræmi við tilefnið.
2. Allir þeir aðilar sem hyggjast hefja fjáraflanir/safnanir í nafni félagsins skulu leita heimildar aðalstjórnar Keflavíkur til að mega safna fé í nafni félagsins.
3. Óheimilt er að safna fé til einkaneyslu í nafni félagsins. Til einkaneyslu telst öll önnur neysla en sem til er stofnað vegna verkefna og viðburða á vegum félagsins.
4. Foreldraráð eða aðrir þeir sem stjórna söfnun skulu setja reglur um skiptingu söfnunarfjár milli einstaklinga í upphafi söfnunar enda hafi þær verið kynntar, ræddar og samþykktar af þeim sem að söfnuninni standa og í samræmi við reglur félagsins.
5. Nú hefur einstaklingur safnað fé sem sérstaklega er merkt honum en verður af óviðráðanlegum sökum að hætta við þátttöku í verkefninu sem fénu var ætlað. Skal það fé sem viðkomandi hefur safnað í nafni félagsins sett í sameiginlegan sjóð verkefnisins. Hafi verið greitt inn fé í verkefnið án söfnunar vegna einstaklingsins þá skal það fé endurgreitt til viðkomandi.
6. Stjórn Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags úrskurðar um öll ágreiningsmál sem upp kunna að koma í tengslum við safnanir á vegum félagsins og getur sett nánari reglur um þær og veitt undanþágur ef slíkt telst nauðsynlegt.

Aðalstjórn Keflavíkur.